

Alþjóðlegur samanburður á launakostnaði 2004

Labour cost survey 2004

Samantekt

Á Íslandi er heildarlaunakostnaður á almennum vinnumarkaði mestur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), 29,0 evrur á vinnustund en minnstur í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G), 22,5 evrur. Hlutfall annars launakostnaðar en launagreiðslna af heildarlaunakostnaði er hæst í samgöngum og flutningum (I), 17%, en lægst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), 14,7%.

Samanburður á heildarlaunakostnaði í þeim atvinnugreinum sem könnunin nær til á Íslandi sýnir að launakostnaður á Íslandi er í öllum tilvikum hærri en meðaltal launakostnaðar innan Evrópusambandsins. Ef borin er saman heildarlaunakostnaður á Íslandi og meðaltal heildarlaunakostnaðar innan evrusvæðisins er munurinn hins vegar minni. Á það skal benti að munurinn á launakostnaði milli evrópuríkjanna er mikill.

Markmiðið með útgáfu Hagtiðinda um Evrópsku rannsóknina á launakostnaði fyrirtækja (e. Labour Cost Survey) er að kynna efni hennar og notkunarmöguleika fyrir innlendum notendum hagtalna á þessu sviði. Rannsóknin er framkvæmd á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) með þátttöku allra aðildarríkja Evrópusambandsins auk Noregs og Íslands. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins er að finna talnaefni um launakostnað í þátttökuríkjunum og eru helstu tölur um launakostnað jafnframt birtar á vef Hagstofu Íslands.

Helstu niðurstöður

Launakostnaður mestur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á Íslandi

Í þessu hefti verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í eftirfarandi atvinnugreinum á almennum vinnumarkaði; iðnaði (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), verslun og ýmiss viðgerðarþjónusta (G) auk samgangna og flutninga (I). Árið 2004 mældist heildarlaunakostnaður á Íslandi mestur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) 29,0 evrur á hverja unna vinnustund en minnstur í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) 22,5 evrur. Í samgöngum og flutningum (I) var heildarlaunakostnaður 27,4 evrur á hverja unna stund og í iðnaði 24,8 evrur.

Launakostnaður á Íslandi hærri en meðaltal launakostnaðar innan Evrópusambandsins


Við samanburð á heildarlaunakostnaði milli Íslands og Evrópusambandsríkjanna (ESB27) kemur í ljós að heildarkostnaðurinn er hærri á Íslandi í þeim atvinnugreinum sem rannsóknin nær til. Hlutfallslega er munurinn mestur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), 63,8 %, en minnstur í iðnaði (D), 25,3 %. Munurinn er hins vegar minni ef litið er til meðaltals ríkja á evrusvæðinu (ES13). Í iðnaði (D) er heildarlaunakostnaður 1,6 % lægri á Íslandi en að meðaltali á evrusvæðinu en 43,6 % hærri í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F). Í byggingar-



starfsemi og mannvirkjagerð (F) skýrist þessi munur að einhverju leyti af lengri vinnutíma í þeirri atvinnugrein hérlendis en í samanburðarlöndunum og þar af leiðandi hærra hlutfalli yfirvinnustunda af heildarfjölda greiddra stunda. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar og birt er á vef Hagstofu Evrópusambandsins er meðalfjöldi greiddra vinnustunda í fullu starfi í byggingariðnaði og mannvirkjagerð (F) á Íslandi 205 stundir á mánuði árið 2004 en 167 stundir að meðaltali innan Evrópusambandsins og 164 stundir á evrusvæðinu.

Mynd 1. Samanburður á heildarlaunakostnaði eftir atvinnugrein 2004

Figure 1. Comparison of total labour cost by economic activity 2004



Samsetning heildarlaunakostnaðar á Íslandi

Hagstofa Íslands hefur tvisvar tekið þátt í rannsókn á launakostnaði fyrirtækja, árið 2000 og 2004. Á þeim árum jókst hlutfall annars launakostnaðar af heildarlaunakostnaði og skýrist það m.a. af breytingum á mótframlagi launagreiðenda vegna séreignarsparnaðar á tímabilinu. Þann 1. maí 2000 var launagreiðanda gert skylt samkvæmt kjarasamningum að greiða 1% mótframlag gegn 2% framlagi launamanns í séreignasparnað. Þann 1. janúar 2002 hækkaði mótframlag launagreiðanda í 2% gegn 2%–4% framlagi launamanns. Frá 1. júlí 2002 bar launagreiðanda að greiða 1% mótframlag án framlags af hálfu launamanns. Árið 2003 hækkaði tryggingagjald úr 5,23% í 5,73%. Vert er að hafa í huga að framlag launagreiðanda til lífeyrissjóðs myndar grunn til tryggingagjalds og eykst því upphæð tryggingagjalds í takt við aukningu lífeyrissjóðsframlags.

Tafla 1. Samsetning heildarlaunakostnaðar á Íslandi eftir atvinnugrein

Table 1. Structure of total labour cost in Iceland by economic activity

| Hlutfall | Percentage | Byggingar- | | | |
|----------|---|---------------------------------|--|--|--|
| | | Iðnaður Manufacturing (D) | starfsemi o.fl. Construction (F) | Verslun o.fl. Wholesale etc. (G) | Samgöngur o.fl. Transport etc. (I) |
| 2000 | Laun Wages | 87,2 | 87,5 | 86,5 | 85,5 |
| | Annar launakostnaður Other labour cost | 12,8 | 12,5 | 13,5 | 14,5 |
| 2004 | Laun Wages | 85,0 | 85,4 | 85,1 | 83,0 |
| | Annar launakostnaður Other labour cost | 15,0 | 14,7 | 14,9 | 17,0 |

Hlutfall annars launakostnaðar af heildarlaunakostnaði hæst í samgöngum og flutningum á Íslandi


Annar launakostnaður en launagreiðslur sem hlutfall af heildarlaunakostnaði er svipaður í atvinnugreinunum iðnaði (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) og í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G), eða á bilinu 14,7–15%. Hlutfallið er nokkuð hærra í samgöngum og flutningum (I) eða 17%. Hátt hlutfall annars launakostnaðar í samgöngum og flutningum má meðal annars rekja til hærra hlutfalls lífeyrissjóðsgreiðslna af heildarlaunakostnaði en í hinum atvinnugreinunum.

Hlutfall annars launakostnaðar af heildarlaunakostnaði lágt á Íslandi í samanburði við meðaltal annarra evrópulanda

Í samanburði við önnur evrópuríki er hlutfall annars launakostnaðar af heildarlaunakostnaði tiltölulega lágt á Íslandi eða á bilinu 14,7–17,0%. Innan Evrópusambandsins er sama hlutfall á bilinu 22,7–25,1% og 24,4–27,2% innan evrusvæðisins. Hlutfall annars launakostnaðar en launagreiðslna af heildarlaunakostnaði er þó mjög misjafnt eftir þáttökuríkjum könnunarinnar eins og sést í töflu 2. Þannig er hlutfallið á bilinu 5,6–8,1% í Noregi en 30,3–32% í Svíþjóð. Hæst er hlutfallið í Belgíu eða á bilinu 26,6–40,9%. Mismunandi hlutfall getur m.a. skýrst af því hvort lífeyrissgreiðslur og annar launakostnaður er greiddur af launagreiðanda eða launamanni. Lágt hlutfall annars launakostnaðar þarf því ekki að endurspeglar lágan heildarlaunakostnað.

Mynd 2. Samanburður á samsetningu heildarlaunakostnaðar eftir atvinnugrein 2004

Figure 2. Comparison of structure in total labour cost by economic activity 2004




Samanburður á heildarlaunakostnaði eftir atvinnugrein

Heildarlaunakostnaður atvinnurekanda á unna vinnustund er mjög misjafn eftir evrópuríkjum. Þau ríki sem greiða minnstan heildarlaunakostnað í öllum atvinnugreinum eru Búlgaría, Rúmenía, Lettland og Litháen. Við samanburð á heildarlaunakostnaði á unna vinnustund er tekið tillit til þeirra vinnustunda sem eru greiddar en ekki unnar, s.s. vegna töku orlofs, veikinda eða sérstakra frídaga.

Mynd 3. Samanburður á heildarlaunakostnaði á vinnustund í iðnaði (D) 2004

Figure 3. Comparison of total hourly labour cost in Manufacturing (D) 2004




Heildarlaunakostnaður í iðnaði mestur í Belgíu

Á Íslandi er heildarlaunakostnaður á unna vinnustund í iðnaði 24,8 evrur, sem er sambærilegt meðaltali heildarlaunakostnaðar í iðnaði innan evrusvæðisins (ES 13). Til samanburðar mælist heildarlaunakostnaður mestur í Belgíu af þeim ríkjum sem taka þátt í könnunni, eða 32,2 evrur. Í Búlgaríu mælist heildarlaunakostnaður í sömu atvinnugrein hins vegar minnstur eða 1,4 evrur á hverja unna vinnustund.

Mynd 4. Samanburður á heildarlaunakostnaði á vinnustund í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) 2004

Figure 4. Comparison of total hourly labour cost in Construction (F) 2004




Vinnustundin í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð næstdýrust á Íslandi

Heildarlaunakostnaður á unna vinnustund í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) er 29,0 evrur á Íslandi sem er töluvert hærra en meðaltal innan evrusvæðisins 20,2 evrur. Eins og áður hefur komið fram skýrist þessi munur að einhverju leyti af lengri vinnutíma í þessari atvinnugrein hérlandis en í samanburðarlöndunum. Heildarlaunakostnaður í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) er mestur í Danmörku 29,7 evrur. Í Búlgaríu mælist heildarlaunakostnaður í sömu atvinnugrein hins vegar minnstur eða 1,2 evrur á unna vinnustund.

Mynd 5. Samanburður á heildarlaunakostnaði á vinnustund í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) 2004

Figure 5. Comparison of total hourly labour cost in Wholesale and retail trade; repair (G) 2004




Heildarlaunakostnaður í verslun mestur í Danmörku

Heildarlaunakostnaður á unna vinnustund í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) mældist 22,5 evrur á Íslandi, samanborið við 20,7 evrur á evrusvæðinuog 17,5 evrur innan Evrópusambandsins. Mestur mælist heildarlaunakostnaður í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu í Danmörku 28,1 evrur á vinnustund. Líkt og í öðrum atvinnugreinum sem bornar eru saman mælist heildarlaunakostnaður í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu minnstur í Búlgaríu, 1,2 evrur.

Mynd 6. Samanburður á heildarlaunakostnaði á vinnustund í samgöngum og flutningum (I) 2004

Figure 6. Comparison of total hourly labour cost in Transport, storage and communication (I) 2004



Heildarlaunakostnaður í samgöngum svipaður á Íslandi og Svíþjóð

Heildarlaunakostnaður á unna vinnustund í samgöngum og flutningum (I) mældist 27,4 evrur á Íslandi, sem er svipað og í Svíþjóð þar sem sambærilegur kostnaður mælist 27,3 evrur. Á evrusvæðinu mælist heildarlaunakostnaður á unna vinnustund hins vegar 23,6 evrur og 19,8 evrur innan Evrópusambandsins. Líkt og í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) mældist heildarlaunakostnaður í samgöngum (I) mestur í Danmörku 29,4 evrur en minnstur í Búlgaríu 2,2 evrur.

Ítarlegri upplýsingar á vef Hagstofu Evrópusambandsins

Hægt er að nálgast ítarlegar niðurstöður rannsóknarinnar á vef Hagstofu Evrópusambandsins, www.europe.eu.int/comm/eurostat.

Aðferðir

Markmið rannsóknar Rannsókn á launakostnaði fyrirtækja er samstarfsverkefni á vegum Hagstofu Evrópusambandsins samkvæmt reglugerð ESB nr. 1737/2005. Megintilgangur með framkvæmd rannsóknarinnar er að safna samræmdum upplýsingum um launakostnað í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og er úrvinnsla gagna og framsetning niðurstaðna framkvæmd af Hagstofu Evrópusambandsins. Rannsókninni er ætlað að veita samanburðarhæfar upplýsingar um launakostnað og samsetningu hans í einstökum atvinnugreinum innan ríkjanna. Í rannsókninni er jafnframt safnað upplýsingum um fjölda starfsmanna og vinnutíma.

Umfang rannsóknar Þær niðurstöður sem hér eru birtar innihalda upplýsingar frá fyrirtækjum með 10 starfsmenn eða fleiri. Upplýsingum fyrir árið 2004 var safnað árið 2005 og niðurstöður birtar á vef Hagstofu Evrópusambandsins árið 2006. Rannsóknin nær til allra ríkja Evrópusambandsins auk Íslands og Noregs og hefur verið framkvæmd á fjögurra ára fresti frá árinu 1996 og hefur Hagstofa Íslands tekið þátt í rannsókninni frá árinu 2000. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar eftir atvinnugreinabálkum í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev.1. Auk upplýsinga um launakostnað í einstökum ríkjum eru birt vegin meðaltöl sem eiga að endurspeglar launakostnað innan Evrópusambandsins, þar sem ESB27 stendur fyrir vegið meðaltal allra aðildarríkja sambandsins en ES13 fyrir hið svokallaða evrusvæði.

Gögn Upplýsingar um launakostnað íslenskra fyrirtækja eru fengnar úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Í rannsókninni er aflað upplýsinga um laun og launakostnað hjá handahófsúrtaki fyrirtækja með tíu eða fleiri starfsmenn. Fyrirtæki senda mánaðarlega rafrænar upplýsingar á samræmdu sniði beint úr launabókhaldi. Í launarannsókninni er nákvæmum upplýsingum safnað um launagreiðanda, launamann, launagreiðslur, greiddar stundir og annan launakostnað. Gögnin eru gæðaprófuð við móttöku og vistuð í gagnagrunni Hagstofunnar til úrvinnslu. Við framkvæmd rannsóknarinnar er tekið mið af þeim kröfum sem gerðar eru til launarannsóknar í reglugerðum á Evrópska efnahagssvæðinu. Evrópska rannsóknin á launakostnaði nær einnig til opinbera geirans. Evrópska könnunin nær til allra atvinnugreina og spannar því jafnt launakostnað fyrirtækja á almennum vinnumarkaði og stofnana í opinberri þjónustu. Umfjöllun í þessum hagtíðindum afmarkast við almennan vinnumarkað. Við ákvörðun voga er m.a. stuðst við gögn úr staðgreiðsluskra ríkisskattstjóra.

Túlkun Í evrópsku rannsókninni á launakostnaði er heildarlaunakostnaður skilgreindur sem allur sá kostnaður sem atvinnurekandi ber vegna vinnu starfsmanns, hvort sem um er að ræða beinar eða óbeinar launagreiðslur eða vegna annarra þátta s.s. vegna tungumálakennslu eða kostnaðar vegna ráðninga. Upplýsingar um heildarlaunakostnað íslenskra fyrirtækja byggja einvörðungu á gögnum sem skráð eru í launabókhaldi og safnað er í launarannsókn Hagstofunnar. Birtar tölur um launakostnað á Íslandi endurspeglar því ekki þann kostnað sem fellur utan launabókhalds, t.d. þjálfunar- eða ráðningarkostnað. Í þessum hagtíðindum er tekið tillit til þessara takmarkana við samanburð milli landa.

Heildarlaunakostnaði er skipt í tvo meginhluta, laun og annan launakostnað. Til launa teljast grunddagvinnulaun, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur, bónussgreiðslur, ákvæðisgreiðslur, vaktaálag, yfirvinnulaun, óreglulegar greiðslur, nefndarlaun, hlunnindi, önnur laun, orlofsgreiðslur og greiðslur í vísinda- og endurmenntunarsjóði. Til annars launakostnaðar teljast framlög launagreiðanda í lífeyrissjóði, sjúkrasjóði, greiðsla tryggingar- og orlofsheimilagjalds auk veikinda-

launa. Reiknað er hlutfall annars launakostnaðar og launa af heildarlaunakostnaði og það borið saman á milli landa sem þátt taka í rannsókninni

Samanburður við aðrar hagtölur

Hagstofa Íslands skilar inn tölum til Hagstofu Evrópusambandsins vegna útreiknings á vísitölu launakostnaðar (e. Labour cost index, LCI) sem er birt ársfjórðungslega á vef Hagstofu Evrópusambandsins. Samhliða birtir Hagstofa Íslands vísitöluna fyrir Ísland sem lýsir þróun launakostnaðar á íslenskum vinnumarkaði. Vísitala launakostnaðar er reiknuð sem samtala launakostnaðar á deilt með heildarfjölda greiddra stunda og er ætlað að sýna breytingar launakostnaðar á vinnustund. Hagstofa Íslands skilar einnig inn tölum til Hagstofu Evrópusambandsins, fjórða hvert ár, vegna útreikninga á launum og launasamsetningu (e. Structure of Earnings Survey, SES). Helstu niðurstöður þeirra könnunar eru birtar á vef Hagstofu Evrópusambandsins og samhliða eru helstu niðurstöður birtar á vef Hagstofu Íslands.

Skýringar

Laun er samtala grunddagvinnulauna, álagsgreiðslna, kostnaðargreiðslna, bónussgreiðslna, ákvæðisgreiðslna, vaktaálags, yfirvinnulauna, eingreiðslna, nefndarlauna, hlunninda, annarra launa, orlofsgreiðslna og vísindasjóðs. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta Wages and salaries (D11).

Annar launakostnaður er samtala lífeyrissjóðsgjalds, tryggingagjalds, sjúkra-sjóðsgjalds, orlofsheimilásjóðsgjalds, annarra launategdra gjalda og veikinda-launa. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta Employers' social contribution (D12).

Heildarlaunakostnaður er samtala launa og annars launakostnaðar. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta Compensation of employees (D1).

ESB27 er vegið meðaltal þeirra ríkja sem tilheyra Evrópusambandinu.

ES13 er vegið meðaltal hins svokallaða evrusvæðis. Þau ríki sem tilheyra evrusvæðinu eru Belgía, Þýskaland, Írland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Austurríki, Portúgal, Slóvenía og Finnland.

Evrur: Gengið sem notað er við að umreikna krónur yfir í evrur er meðalgengi ársins samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands og var 72,58 evrur árið 2000 og 87,14 evrur árið 2004.

Tafla 2. Alþjóðlegur samanburður á launakostnaði 2004
 Table 2. International comparison of labour cost 2004

| | Iðnaður | | | Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð | | |
|--------------|---|----------------------------|---|---|----------------------------|---|
| | <i>Manufacturing (D)</i> | | | <i>Construction (F)</i> | | |
| | Heildarlauna- kostnaður <i>Total labour cost (euro)</i> | Laun, % <i>Wages, %</i> | Annar launa- kostnaður, % <i>Other labour cost, %</i> | Heildarlauna- kostnaður <i>Total labour cost (euro)</i> | Laun, % <i>Wages, %</i> | Annar launa- kostnaður, % <i>Other labour cost, %</i> |
| ESB27 | 19,8 | 74,9 | 25,1 | 17,7 | 75,6 | 24,4 |
| ES13 | 25,2 | 73,9 | 26,1 | 20,2 | 73,5 | 26,5 |
| Austurríki | 26,7 | 76,3 | 23,7 | 25,0 | 77,3 | 22,7 |
| Belgía | 32,2 | 67,6 | 32,4 | 28,9 | 59,1 | 40,9 |
| Bretland | 24,4 | 79,4 | 20,6 | 24,7 | 82,9 | 17,1 |
| Búlgaría | 1,4 | 73,6 | 26,4 | 1,2 | 73,7 | 26,3 |
| Danmörk | 29,5 | 89,2 | 10,8 | 29,7 | 89,1 | 10,9 |
| Eistland | 4,0 | 74,3 | 25,7 | 4,5 | 74,4 | 25,6 |
| Finnland | 26,6 | 78,7 | 21,3 | 22,6 | 78,7 | 21,3 |
| Frakkland | 28,2 | 69,2 | 30,8 | 24,4 | 71,3 | 28,7 |
| Grikkland | 12,8 | 78,8 | 21,2 | 12,0 | 77,0 | 23,0 |
| Holland | 27,7 | 77,0 | 23,0 | 26,9 | 78,8 | 21,2 |
| Írland | 23,3 | 85,8 | 14,2 | 25,9 | 86,4 | 13,6 |
| Ísland | 24,8 | 85,0 | 15,0 | 29,0 | 85,4 | 14,7 |
| Ítalía | 21,9 | 69,2 | 30,8 | 20,7 | 68,6 | 31,4 |
| Kýpur | 10,9 | 86,5 | 13,5 | 11,4 | 87,5 | 12,5 |
| Lettland | 2,4 | 79,1 | 20,9 | 2,2 | 79,6 | 20,4 |
| Litháen | 3,0 | 73,4 | 26,6 | 3,0 | 71,2 | 28,8 |
| Luxemborg | 27,8 | 85,7 | 14,3 | 19,0 | 84,0 | 16,0 |
| Malta | 8,8 | 91,8 | 8,2 | 7,5 | 91,5 | 8,5 |
| Noregur | .. | 92,4 | 7,6 | .. | 94,4 | 5,6 |
| Portúgal | 8,5 | 79,9 | 20,1 | 8,1 | 79,8 | 20,2 |
| Pólland | 3,9 | 82,5 | 17,5 | 3,8 | 82,3 | 17,7 |
| Rúmenía | 1,6 | 74,9 | 25,1 | 1,5 | 75,4 | 24,6 |
| Slóvakía | 4,1 | 75,4 | 24,6 | 3,8 | 75,8 | 24,2 |
| Slóvenía | 9,2 | 84,8 | 15,2 | 8,8 | 85,4 | 14,6 |
| Spánn | 17,2 | 74,6 | 25,4 | 13,9 | 73,6 | 26,4 |
| Svíþjóð | 30,9 | 68,0 | 32,0 | 26,8 | 69,7 | 30,3 |
| Tékkland | 5,4 | 72,5 | 27,5 | 5,4 | 72,7 | 27,3 |
| Ungverjaland | 5,4 | 71,8 | 28,2 | 4,3 | 72,8 | 27,2 |
| Pýskaland | 30,6 | 76,9 | 23,1 | 22,3 | 76,3 | 23,6 |

| Verslun og ýmis viðgerðapjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i> | | | Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i> | | |
|---|----------------------------|---|--|----------------------------|---|
| Heildarlauna- kostnaður <i>Total labour cost (euro)</i> | Laun, % <i>Wages, %</i> | Annar launa- kostnaður, % <i>Other labour cost, %</i> | Heildarlauna- kostnaður <i>Total labour cost (euro)</i> | Laun, % <i>Wages, %</i> | Annar launa- kostnaður, % <i>Other labour cost, %</i> |
| 17,5 | 77,3 | 22,7 | 19,8 | 75,2 | 24,8 |
| 20,7 | 75,6 | 24,4 | 23,6 | 72,7 | 27,2 |
| 21,2 | 75,8 | 24,2 | 26,4 | 70,7 | 29,3 |
| 26,0 | 72,3 | 27,7 | 25,5 | 73,4 | 26,6 |
| 18,6 | 82,6 | 17,4 | 23,0 | 83,4 | 16,6 |
| 1,2 | 75,8 | 24,2 | 2,2 | 75,4 | 24,6 |
| 28,1 | 90,6 | 9,4 | 29,4 | 89,2 | 10,8 |
| 4,1 | 74,6 | 25,4 | 4,8 | 73,7 | 26,3 |
| 22,2 | 81,2 | 18,8 | 24,3 | 77,3 | 22,7 |
| 23,9 | 70,9 | 29,1 | 24,4 | 70,5 | 29,5 |
| 11,1 | 78,9 | 21,1 | 18,0 | 76,1 | 23,9 |
| 23,0 | 78,4 | 21,6 | 25,2 | 77,8 | 22,2 |
| 18,4 | 88,3 | 11,7 | 25,5 | 87,9 | 12,1 |
| 22,5 | 85,1 | 14,9 | 27,4 | 83,0 | 17,0 |
| 20,2 | 71,0 | 29,0 | 23,0 | 72,2 | 27,8 |
| 9,1 | 87,2 | 12,8 | 15,9 | 82,6 | 17,4 |
| 2,2 | 79,8 | 20,2 | 3,2 | 78,2 | 21,8 |
| 2,8 | 72,4 | 27,6 | 4,0 | 63,7 | 36,2 |
| 19,7 | 86,3 | 13,7 | 28,7 | 85,3 | 14,7 |
| 8,3 | 92,6 | 7,4 | 10,8 | 91,6 | 8,4 |
| .. | 94,3 | 5,7 | .. | 91,9 | 8,1 |
| 10,3 | 74,9 | 25,1 | 15,7 | 76,8 | 23,2 |
| 3,8 | 83,9 | 16,1 | 5,4 | 82,7 | 17,3 |
| 1,4 | 75,4 | 24,6 | 2,6 | 75,1 | 24,9 |
| 3,9 | 70,1 | 29,9 | 4,0 | 74,3 | 25,7 |
| 10,1 | 85,7 | 14,3 | 11,9 | 83,5 | 16,5 |
| 13,8 | 75,7 | 24,3 | 18,3 | 74,6 | 25,4 |
| 27,3 | 69,2 | 30,8 | 27,3 | 68,7 | 31,3 |
| 6,0 | 73,5 | 26,5 | 6,2 | 71,9 | 28,0 |
| 5,7 | 72,6 | 27,4 | 6,6 | 69,3 | 30,7 |
| 23,4 | 78,8 | 21,2 | 25,4 | 71,6 | 28,4 |

Skýring Notes: Heildarlaunakostnaður á unna vinnustund. *Labour cost on actually worked hour.*

Heimild Source: Eurostat, 2007.

English summary

This report presents results from the European Labour Cost Survey (LCS) 2004. This survey is part of the statistical cooperation within the European Union through Eurostat. The purpose of the Labour Cost Survey is to collect labour cost information on a harmonised EU-wide basis. The Icelandic data cover the economic activities of Manufacturing (D), Construction (F), Wholesale and retail trade; repair (G) and Transport, storage and communication (I). The results show that in those economic activities labour cost in Iceland is higher than both the EU27 and the EA13 average, except in Manufacturing where it is lower than the EA13 average.

In 2004 the total labour costs per hour worked in Iceland were 29 Euros on average in the economic sector of Construction (F) compared to 22.5 Euros in Wholesale and retail trade; repair (G). When total labour costs are broken down to wages and other labour costs, results show that the highest portion of other labour costs is 17% in Transport, storage and communication (I) and lowest is 17.7% in Construction (F).

Hagtiðindi Statistical Series

92. árgangur nr. 35

ISSN 0019-1078

Laun, tekjur og vinnumarkaður *Wages, income and labour market*

2007:3

ISSN 1670-4495 (pappír paper) • ISSN 1670-4509 (pdf)

Verð ISK 500 Price EUR 7

Umsjón *Supervision* Ragnheiður Valgarðsdóttir • ragnheidur.valgardsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series